

## Fundargerð

26. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í B-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 8. október 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir og Eiríkur Mörk Valsson.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt svo breytt.

### 2. Afreks- og alþjóðamál

Rætt um HM í Doha, þingið og mót. Framkvæmdastjóri FRÍ var fulltrúi FRÍ (Íslands) á þinginu og hafði hann hrósað framkvæmd þingsins. Nýtt nafn World Athletics liggur fyrir en fyrir liggur að leggja þarf af IAAF sem skammstöfun. Guðni Valur Guðnason kringlukastari keppti á mótinu. Fjallað almennt um mótið og árangur. Stjórn FRÍ færði Vésteini Hafsteinssyni þjálfara sérstakar kveðjur vegna þess að lærisveinn hans, hinn sænski Daniel Ståhl, varð heimsmeistari karla í kringlukasti. Ståhl er fyrsti Svíinn sem verður heimsmeistari í þessari grein.

### 3. Fjárhagsmál

Gjaldkeri kynnti vinnu við 9 mánaða uppgjör. Rætt um fjárhagsáætlun 2020 og þátttöku í erlendum mótum m.a. nýtt viðfang HM í hálfmaraþoni. Rædd fjárhagsstaða aðildarfélaga. Vísað til næsta fundar.

### 4. Hlaupaverkefnið

Greint frá störfum í starfshópi verkefnisins.

### 5. Önnur mál

a. Þjálfaranámskeið á vegum European Athletics. Styrkir á vegum EA allt að 100.000

Stjórn FRÍ samþykkir að veita einstaklingum allt að 50.000 kr. ferðastyrk til að geta sótt námskeið í þjálfun á vegum EA.

b. Formannafundur og uppskeruhátíð 22.11.19. Ákveðið að vera í Íþrótt- og sýningarhöllinni Laugardal. Írasi verkefnastjóra og varaformanni falið að útfæra dagskrá uppskeruhátíðar. Formanni og framkvæmdastjóra falið að útfæra dagskrá formannfundar. Formaður taldi að skemmtiatriði væru við hæfi samhliða viðurkenningum og minntist meðstjórnandi gamalla tíma á fyrri hátíðum.

c. RÚV. Íþróttadeild RÚV færðar þakkir fyrir gífurlega umfangsmikla og ítarlega umfjöllum um HM í Qatar, beinar útsendingar sem og fréttapakkar. Pulum á RÚV færðar þakkir fyrir ánægjulegar samverustundir.

d. Upplýsingastreymi frá FRÍ. Rætt um rekstur samfélagsmiðla og heimasíðu.

e. Starfshópur um mótamál. Gert grein fyrir störfum.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:15 með því að sunginn afmælisöngurinn fyrir gjaldkera.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*